



**245. fundur framkvæmdastjórnar ÍSí var haldinn í fundarsal framkvæmdastjórnar ÍSí, Íþróttamiðstöðinni í Laugardal, fimmtudaginn 30. júní 2016 kl. 16:00.**

**Mættir: Lárus L. Blöndal forseti ÍSí, Gunnar Bragason gjaldkeri, Sigríður Jónsdóttir ritari, Garðar Svansson, Örn Andrésson, Guðmundur Ágúst Ingvarsson, Þórey Edda Elísdóttir 1. varamaður, Lilja Sigurðardóttir 2. varamaður, Jón Finnbogason 3. varamaður, Líney Rut Halldórsdóttir framkvæmdastjóri og Halla Kjartansdóttir skrifstofustjóri.**

**Forföll boðuðu: Helga Steinunn Guðmundsdóttir varaforseti, Ingibjörg Bergrós Jóhannesdóttir, Gunnlaugur Júlíusson, Ingi Þór Ágústsson og Hafsteinn Pálsson.**

**Þetta gerðist:**

Forseti sett fundi og stjórnaði honum.

**1. Ólympísk málefni**

*Smáþjóðaleikar*

Örn Andrésson fór yfir það helsta í undirbúningi fyrir Smáþjóðaleikana í San Marínó 2017. Forkönnun hefur verið send út til viðkomandi sérsambanda.

*World Games*

Lagt fram minnisblað Afreks- og Ólympíusviðs ÍSí um möguleika á þátttöku í leikunum.

**2. Þátttaka í Ólympíuleikunum í Ríó**

Sjö íþróttamenn hafa tryggt sér þátttöku á leikunum, eins og staðan er núna.

Lagt fram minnisblað Afreks- og Ólympíusviðs ÍSí þar sem fram kemur tillaga að þátttakendum á leikunum. Tillagan samþykkt.

Þar sem Ísland hefur ekki náð að tryggja sér karlkyns keppanda í frjálsíþróttum er heimilt að sækja um keppnisrétt fyrir einn karl, svo framarlega sem viðkomandi aðili uppfylli skilyrði um alþjóðlega getu samkvæmt reglum Alþjóðafrjálsíþróttasambandsins og IOC.

Lagt fram bréf Frjálsíþróttasambands Íslands um aðferð við val á karlkyns frjálsíþróttamanni án lágmarks á ÓL 2016. Töluliður 1 og 2 í aðferð FRÍ voru ekki samþykktir en ekki töluliður 3.

Samþykkt að sækja um keppnisrétt fyrir einn karl í samræmi við ofangreint. Þegar tillaga um val á karlkyns keppanda í frjálsíþróttum liggur fyrir verður hún tekin fyrir á fundi framkvæmdastjórnar ÍSí.

**3. Fagsvið ÍSí – stutt yfirlit**

Sigríður Jónsdóttir formaður Þróunar- og fræðslusviðs ÍSí fór yfir helstu verkefni sviðsins. Mjög góð þátttaka hefur verið á þjálfaranámskeiðum ÍSí. Fulltrúar frá Háskóla unga fólksins heimsóttu ÍSí nýverið og tókst vel til. Töluverð dagskrá hefur verið í kringum Ólympíudaginn sem haldinn er hátíðlegur um allan heim 23. júní og dagana þar í kring. Starfsmenn sviðsins vinna nú að verkefni í samstarfi við UMFÍ og Háskólann í Reykjavík sem snýst um fræðslu og verkfæri fyrir þjálfara. Íslensk getspá mun styrkja verkefnið fjárhagslega.

Framkvæmdastjóri fór yfir helstu verkefni Almenningsíþróttasviðs ÍSÍ, í fjarveru formanns sviðsins. Sjóvá-Kvennahlaup ÍSÍ tókst vel til en í farvatninu er endurskoðun á hlaupinu. Fundað hefur verið með fulltrúum Litahlaupsins (Color Run) vegna hlaupdagsetninga næsta árs. Undirbúningur fyrir föst verkefni sviðsins næstu mánuði er í fullum gangi.

#### **4. Erindi Íslandsdeildar Amnesty International**

Tekið fyrir bréf Íslandsdeildar Amnesty International þar sem skýrt er frá átaki Amnesty International í aðdraganda Ólympíuleikanna þar sem skorað verður á Öryggisnefnd Ólympíuleikanna að koma í veg fyrir mannréttindabrot í jaðarsamfélögum; koma á fyrirkomulagi ábyrgðar á öllum mannréttindabrotum sem framin eru af hálfu lögreglu- og/eða hermanna; að rannsaka brotin, draga hina ábyrgu fyrir dóm og styðja þolendur og fjölskyldur þeirra að fullu. Óskað er eftir því að ÍSÍ taki undir ákallið með virkum hætti á opinberum vettvangi og hvetji afreksfólk í íþróttum og aðra til að skrifa undir það. Samþykkt að ÍSÍ komi ekki með formlegum hætti að átaki Amnesty International.

#### **5. Norræn yfirlýsing um íþróttir og mannréttindi**

Lögð fram samnorræn yfirlýsing um íþróttir og mannréttindi, sem útbúin var á Nordic Meeting í Álaborg í september 2015. Yfirlýsingin samþykkt samhljóða.

#### **6. Heiðranir**

Engar tillögur lágu fyrir.

#### **7. Fundargerðir**

Eftirfarandi fundargerðir lagðar fram og staðfestar:

- 244. fundur framkvæmdastjórnar
- 12., 13. og 14. fundur framkvæmdaráðs ÍSÍ
- Afreks- og Ólympíusvið ÍSÍ frá 27. júní 2016
- Afrekssjóður frá 27. júní 2016

Samþykkt að eftirtaldir styrkir verði veittir úr Afrekssjóði ÍSÍ til eftirtalinna sérsambanda ÍSÍ, vegna lokaundirbúnings fyrir Ólympíuleikana í Ríó:

*Júdósamband Íslands, kr. 1.000.000,-.*

*Sundsamband Íslands, kr. 1.000.000,-.*

*Frjálsíþróttasamband Íslands, kr. 2.500.000,-.*

*Íþróttasamband fatlaðra, kr. 1.000.000,-.*

Þess má geta að í fyrri úthlutunum Afrekssjóðs ÍSÍ vegna 2016 hafa verið veittir styrkir til sérsambanda vegna undirbúnings fyrir Ríó 2016 og er tekið tillit til þeirra styrkveitinga í þessum tillögum.

- Verkefnasjóður ÍSÍ frá 30. júní 2016. Tillögur að styrkveitingum samþykktar.

#### **8. Viðburðir framundan**

Farið yfir viðburði sem framundan eru og til lengri tíma litið.

Forseti sagði frá ferð sinni á leiki í Evrópumótinu í knattspyrnu karla sem stendur nú yfir í Frakklandi.

#### **9. Næstu fundir framkvæmdastjórnar ÍSÍ**

Næsti fundur framkvæmdastjórnar ÍSÍ verður haldinn 1. september nk. kl. 16.

## **10. Önnur mál**

### *Ársreikningur ÍSÍ*

Á síðasta fundi framkvæmdastjórnar ÍSÍ, sem haldinn var 25. maí síðastliðinn, var ársreikningur ÍSÍ lagður fram. Þá láðist að samþykkja ársreikninginn formlega og er hann því borinn upp til samþykktar á þessum fundi.

Ársreikningur ÍSÍ 2015 samþykktur samhljóða.

### *Staða verkefnastjóra Felix*

Búið er að auglýsa eftir verkefnastjóra Felix og rennur skilafrestur umsókna út 4. júlí.

Óskar Örn Guðbrandsson sem sinnt hefur starfi verkefnastjóra Felix hefur sagt upp starfi sínu og ráðið sig til starfa hjá Knattspyrnusambandi Íslands. Gert er ráð fyrir því að nýr verkefnastjóri taki til starfa í ágúst.

Fleira var ekki tekið fyrir og fundi slitið.

Halla Kjartansdóttir, fundarritari.